

FUNDARGERÐ 20. stjórnarfundur haldinn í Skaftafelli 27. ágúst 2009 kl. 10:30

Mætt: Anna Kristín Ólafsdóttir, Ólöf Ýrr Atladóttir, Þórunn Pétursdóttir, Elín Heiða Valsdóttir, Hjalti Þór Vignisson, Magnús Hallgrímsson, Þórður H. Ólafsson framkvæmdstjóri og Böðvar Pétursson sem ritaði fundargerð. Að auki var Eiríkur Björgvinsson í símasambandi í upphafi fundar og til hádegis.

1. Samþykkt dagskrár

- Fyrirliggjandi dagskrá samþykkt.

2. Samþykki fundargerðar 19. stjórnarfundar 8. júní 2009

- Fyrirliggjandi drög 3 að fundargerð samþykkt með orðalagsbreytingu á tillögu Magnúsar varðandi vegslóða innan garðsins.

3. Rekstrarmál 2009

- Gestastofa á Skriðuklaustri

Verkið hefur farið hægar af stað en vonir stóðu til, en staðan er núna sú að stefnt er að því að húsið verði fokhelt um áramót. Og á það að duga til að húsið verði tekið í notkun 07.06.10. ÞHÓ og Eiríkur ætla að fylgja þessu máli stýft eftir.

- Blágil-staða

Framkvæmdasýsla ríkisins óskaði eftir tilboði úr lokuðum hópi verktaka, 6 aðilar. Eitt tilboð barst en það var það dæmt ógilt að mati Framkvæmdasýslunnar.

Framkvæmdasýslan fór þá í viðræður við 2 aðila og eru viðræður nú í gangi við einn aðila og segir ÞHÓ að skv. fréttum frá Framkvæmdasýslunni þá sé stefnt að því að ljúka jarðvinnu og uppistöðum í haust og húsið byggt í vetur og flutt á staðinn næsta vor. ÞHÓ falið að ýta málinu áfram við Framkvæmdasýslu ríkisins.

- Rekstur fyrstu 7 mánuði

Áætlun gerði ráð fyrir 115.000. kr. útgjöldum á fyrstu 7 mán. ársins, en raunin er 110.000. kr. útgjöld.

Áætlun gerði ráð fyrir 53,6 milljónum í sértekjur á árinu og sértekjur í júlíflok voru komnar í 42,2 milljónir 1. ágúst.

Samkvæmt þessu er áætlun að standast og ÞHÓ telur engar líkur á að hún raskist að nokkru marki.

Nokkrar umræður urðu um gjaldtökuheimildir innan þjóðgarðsins og eins stefnumótun stjórnvalda um almennar gjaldtökuheimildir til uppbyggingar og verndunar á friðuðum svæðum.

- Merkingar og skilti
 - Þessum lið var frestað til næsta fundar.

4. *Umsókn Jöklarannsóknarfélags Íslands um stækkun Jökulheimaskála*

Málið var áður tekið fyrir á 19. fundi stjórnar. (Sjá fundargerð 19. stjórnarfundar).

- Fyrirliggjandi umsókn Jöklarannsóknafélagsins var samþykkt.

5. *Framtíðarsýn fjallaverkefnis í Ríki Vatnajökuls*

Rósa Björk Halldórsdóttir kynnti verkefnið. En verkefnið í Ríki Vatnajökuls er samstarfsverkefni 80 aðila. Aðallega var kynnt verkefni um útivist og fjallamennsku í Ríki Vatnajökuls.

Samstarfsaðilar að því verkefni eru: Háskólasetrið á Höfn, FAS, Náttúrulega Örnefndir, Íslenskir fjallaleiðsögumenn, Ísalp, Skíðasamband Íslands, Vatnajökulspjóðgarður og landeigendur á svæðinu auk sveitarfélagsins Hornarfjarðar. Rósa endaði fyrirlestur sinn á að varpa fram spurningum sem sendar verða stjórnarmönnum í tölvupósti.

6. *Atvinnuuppbygging í tengslum við Vatnajökulspjóðgarð*

Framhald umræðu frá síðasta fundi. Fyrir liggur minnisblað frá ráðgjafafyrirtækinu ALTA sem inniheldur tillögu um aðstoð við skipulagninngu og uppbyggingu Vatnajökulspjóðgarðs frá 18.08.09. Þó falið að kalla eftir verðtilboði frá ALTA í fyrsta áfanga samkvæmt minnisblaðinu. ÓÝA fer fram á það að slíkur fundur verði ekki 15.september.

7. *Önnur mál*

- Starfsmannamál á Austursvæði-ákvörðun

Þjóðgarðsvörður á Austursvæði er á leiðinni í fæðingarorlof um áramót og þarf að útvega afleysingu fyrir þann tíma.

- Samþykkt að ráða tímabundið í starf sérfræðings á austursvæði frá 1. okt. 2009 til 30 sept 2010. Með möguleika á framlengingu.

- Heitt vatn í Skaftafelli-frh.kynning

Nýboruð hola í Skaftafelli gefur 7-8 sekúndulíttra af 50°heitu vatni. Beðið er eftir kostnaðarmati á verkefninu frá verkfræðistofunni Eflu.

- Samþykkt að halda áfram með gagnaöflun í málinu.

- Stjórnunar- og verndaráætlun-staða og frh.

- Staðan er þannig að stefnt er að vinnufundi allra sem koma að verndaráætlun á Egilsstöðum 14. og 15. september. Þangað er stjórn stefnt til skrafs og ráðagerðar. AKÓ mun tala við Stellu til að ganga frá þessu máli.

Kynning á Suðursvæði

Regína (Hreinsdóttir) þjóðgarðsvörður í Skaftafelli kynnti suðursvæðið og málefni tengd því. S.s. stækkun þjóðgarðsins í landi Hoffells, landvörslu á Lónsöræfum, uppbyggingu á Heinabergssvæðinu. Að meðaltali hafa verið 10 landverðir að störfum í sumar. Ýmsir atburðir; ljósmyndasýningar, fyrirlestrar, sérstakar gönguferðir, varðeldur og söngur um Jónsmessu og verslunarmannahelgi, tónleikar með víkingahljómsveit. Ýmsar rannsóknir eru í gangi. Framkvæmdi: Lokið við frágang á skrifstofuhúsinu, mikið púður fór í frágang á göngustígum m.a. að Svartafossi. Vegurinn í gegnum tjaldsvæðið malbikaður. Frá 9. apríl hafa komið 240.000 manns í gestastofuna og verður haft opið alla virka daga í frá 1. okt. til 1.apríl. Bílastæðin eru búin að vera full síðan um miðjan júní. Taldi að brýnt væri að móta stefnu um fyrirtæki sem starfa innan þjóðgarðsins m.t.t. húsnæðis umhverfisstefnu o.fl. Húsnæði fyrir sérfræðing, sumarstarfsmenn og sjálfboðaliða. RS sagði að það vantaði húsnæði á svæðið fyrir næsta ár. Heita vatnið? Endurskipulagning tjaldsvæðis. Með auknum straumi ferðamanna þarf fleiri sturtur og stærri rotþrær. Morsárdalur, Bæjarstaðaskógur: Skeiðará færði farveg sinn svo nú á sauðfé greiðan aðgang inn í dalinn. Eins væri aðkallandi að ákveða hvað ætti að gera með lúpínuna á svæðinu. Svæðið kringum Svartafoss hefur látið á sjá á undanförunum sumrum. RS taldi ljóst að til einhverra ráðstafana þyrfti að grípa við Svartafoss áður en illa fer.

8. Næsti stjórnarfundur

Stefnt að fundi í tengslum við samráðsfund á Egilsstöðum 14. og eða 15. september.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 16:00

Framhald 20. stjórnarfundar, símafundur, haldinn 7. september 2009 kl. 12:30

Mættir: Anna Kristín Ólafsdóttir, Böðvar Pétursson, Eiríkur Björgvinsson, Elín Heiða Valsdóttir, Hjalti Þór Vignisson, Ólöf Ýrr Atladóttir og Þórður H. Ólafsson.

Boðuð forföll: Þórunn Pétursdóttir og Magnús Hallgrímsson og í hans stað átti að mæta varamaður hans, Magnús Tumi Guðmundsson, sem heldur ekki gat mætt.

9. Verndaráætlun-staða; frh. umræða

- Stöðufundur með þeim aðilum sem vinna við gerð verndaráætlunarinnar verður haldinn þriðjudaginn og/eða miðvikudaginn 29. og/eða 30. september á Egilsstöðum. Nánar tilkynnt um það síðar.
Í tengslum við þann fund yrði næsti stjórnarfundur.

10. Atvinnuuppbygging í tengslum við Vatnajökulshjóðgarð; frh. umræða

- Í framhaldi af ólokinni umræðu um aðkomu ráðgjafa að vinnu við mótun heildarsýnar og atvinnustefnu, var ákveðið að stjórn myndi hittast og ræða mál er varða rekstur, stefnumörkun, og uppbyggingu þjóðgarðsins almennt. Ákveðið að fá fulltrúa frá ráðgjafarfyrirtækinu Alta til að stýra þeim fundi og taka saman niðurstöður. Ákveðið var að sá fundur yrði 14. september n.k. og yrði haldinn í Reykjavík. Stjórnarmenn beðnir um að senda inn innlegg í umræður fundarins.

Fundi slitið 13:15

ÞHÓ ritaði fundargerð140909.